

11.1. 1993.

Alþingi

Erindi nr. P 116 / 800

komudagur 14 / 1 1993

Minnisblað frá Stéttarsambandi bænda.

Í kvöldfréttum á Stöð 2 þriðjudaginn 5. janúar sl. sakaði forsætisráðherra framleiðendur búvara um að standa fyrir því að hækka verð kjöts allt að helmingi meir en efni stóðu til. Hann vísaði í útreikninga frá starfsmönnum fjármálaráðuneytisins sér til stuðnings og krafðist þess að verðhækkanir yrðu teknar aftur að hluta til.

Af þessu tilefni vill Stéttarsamband bænda taka fram eftirfarandi:

1. Verðhækkanir á fyrrgreindum búvörutegundum (nema svínakjöti) voru ákveðnar af sexmannanefnd (egg og kjúklingar) og af fimmannanefnd (nautakjöt). Í sexmannanefnd sitja fulltrúar framleiðenda (3), fulltrúar ASÍ (2) og fulltrúi BSRB (1). Í fimmannanefnd sitja fulltrúar afurðastöðvanna (2) fulltrúi ASÍ (1) fulltrúi BSRB (1) og verðlagsstjóri er oddamaður.

2. Það er rangt sem kom fram í fjölmiðlum í gær að ágreiningur væri milli framleiðenda og landbúnaðarráðuneytisins um útreikninga á verðhækkun búvara. Framleiðendur reikna ekki einhliða út verð fyrrgreindra vara (nema svínaframleiðendur), heldur opinberar verðlagsnefndir. Ekkert ber á milli útreikninga þeirra og landbúnaðarráðuneytisins.

3. Það er ekki að ástæðulausu að nauðsynlegt reyndist að hækka verð fyrrgreindra búvara. Áhrif gengisfellingarinnar í nóvember sl. á fóðurverð og lækkun endurgreiðslna á virðisaukaskatti eru beinar afleiðingar af aðgerðum stjórnvalda. Þar til viðbótar má nefna niðurfellingu á greiðslum í lífeyrissjóð fyrir þessar greinar, sem ekki var tekin með í verðhækkunina.

Tal forsætisráðherra og viðskiptaráðherra um að framleiðendur geti tekið á sig hluta þessara hækkana er því einkennilegt. Hefur ríkisstjórnin t.d. farið fram á að olíufélögin tækju á sig hækkanir bensínjalda? Voru bankar landsins ekki að hækka vexti? Ekki taka þeir á sig kostnað vegna hærri verðbólgu.

4. Á blaðamannafundi þeim er haldinn var í fyrradag vegna fyrirliggjandi verðhækkana á búvörum, þá voru lagðir fram útreikningar og greinargerð vegna eggja, kjúklinga og svínakjöts. Þar kom fram að fyrirliggjandi verðhækkun var fyrst og fremst vegna uppsafnaðra áhrifa vegna gengisfellingar í nóvember sl. og lækkunar á endurgreiðslu VSK. Á hinn bóginn er framkomin verðhækkun á nautakjöti einungis tilkomin vegna lækkunar á endurgreiðslu VSK. Þegar endurgreiðsla VSK var ákveðin á sínum tíma, þá lækkaði verð þessara vara til framleiðenda að sama skapi. Því er óhjákvæmilegt annað en að lækkun endurgreiðslu á VSK komi fram í hækkun vöruverði. Forsætisráðherra hefur viðurkennt að hækkunarþörfin hafi verið fyrir hendi og að hún hafið verið rétt reiknuð. Því falla hin stóru orð hans frá því á þriðjudaginn um miklar hækkanir búvara umfram þarfir niður sem dauð og ómerk.